

Nd. 493. Frumvarp til laga [230. mál]

um heimild til lántöku fyrir raforkusjóð.

(Lagt fyrir Alþingi á 83. löggjafarþingi, 1962—1963.)

1. gr.

Raforkumálastjóra er heimilt fyrir hönd raforkusjóðs að taka lán til raforkuframkvæmda allt að kr. 150 000 000 — eitt hundrað og fimmtíu milljónir króna — eða tilsvarendi fjárhæð í erlendum gjaldeyri og er ríkisstjórninni heimilt að ábyrgjast lánin fyrir hönd ríkissjóðs.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Frumvarp þetta er lagt fyrir Alþingi samkvæmt ósk raforkumálastjóra í bréfi, dags. 19. þ. m., og vísast um ástæður fyrir frumvarpinu til bréfs hans, sem er prentað sem fylgiskjal hér á eftir.

Fylgiskjal.

RAFORKUMÁLASTJÓRI

19. marz 1963.

Atvinnumálaráðuneytið, Arnarhvoli.

Með visun til viðtala við Ólaf Stefánsson, fulltrúa í fjármálaráðuneytinu, vil ég hér með láta hinu háa ráðuneyti í té eftirfarandi skýrslu um lántökuheimildir raforkusjóðs og rafmagnsveitna ríkisins: Hjalagt fylgir afrit af bréfum, er ég ritaði atvinnumálaráðuneytinu, dags. 29. nóv. 1956 og 23. maí 1960. Var í þeim bréfum gefin skýrsla um ráðstöfun lántökuheimilda til raforkuframkvæmda frá upphafi og til 31. marz 1960.

Samkvæmt bréfum þessum voru lántökuheimildir til raforkuframkvæmda til 31. marz 1960 samtals 477 000 millj. kr. og notkun heimilda samtals 378 060 millj. kr. Ónotaðar lántökuheimildir voru því 1. apríl 1960 98,940 millj. kr. Heildaryfirlit þessara mála er nú sem hér segir:

I. Lántökuheimildir til 31. marz 1960	477 000 millj. kr.
Heimild skv. fjárlögum 1961, XXIII	18 700 — —
Lög nr. 65 29. marz 1961	150 000 — —
Fjárlög 1962, XXV	10 000 — —
Fjárlög 1963, 22. gr. XVIII	10 000 — —

Heimildir alls til 18. marz 1963 665 700 millj. kr.

II Notkun lántökuheimilda:

Notað til 31. marz 1960 samkv. bréfum	378 060 millj. kr.
÷ Bakfært: bráðab.lán úr ríkissj. 1959 ...	32 130 millj. kr.
áætl. lán vegna Keflavíkur- og	
Akraneslína	26 370 — —

319 560 millj. kr.

Lán frá innl. bönkum, dags. 29. júní og 22. ágúst 1960	8 475 millj. kr.		
Ríkissjóður, dags. 29. sept. 1960 \$1 331 360.95	45 000	—	—
Framkv.bankinn, dags. 29. nóv. 1960 \$42 005.99 1 059 m. kr.			
÷ bókað 12. febrúar 1960	930	—	—
	<hr/>	0 129	— —
Framkv.bankinn, dags. 29. nóv. 1960 \$131 322.60	5 000	—	—
Ríkissjóður, dags. 12. des. 1960 \$769 230.77	26 000	—	—
Sami, dags. 16. des. 1960 \$769 230.77	26 000	millj. kr.	
÷ bókað 1959	22 000	—	—
	<hr/>	4 000	— —
George Cohen Sons & Co., Ltd., London, dags. 9. des. 1960			
£21 420-0-0	2 292	—	—
Mak/AEG, dags. 15. marz 1961 DM: 750 000.00	6 852	—	—
Blackstone & Co., Ltd., dags. 22. marz 1961 £37 020-0-0	3 961	—	—
Lán frá innl. bönkum, dags. 4. maí, 14. júní, 30. okt. og 14.			
nóv. 1961	8 560	—	—
Framkv.bankinn, dags. 22. jan. 1962 \$588 907.68	23 995	—	—
Lán frá innl. bönkum, dags. 9. apríl 1962	7 225	—	—
Kreditanstalt für Wiederaufbau, útb. til 6. jan. 1963	34 292	—	—
Skuld við ríkisábyrgðarsjóð 1. marz 1963	71 979	—	—
Skuld við ríkissjóð 1. marz 1963 19 275 millj. kr. ÷ 5 000			
millj. kr.	14 275	—	—
Tolllán, óuppgerð 31. des. 1962	26 055	—	—
	<hr/>	607 650	millj. kr.
Lánað til rafmagnsveitna ríkisins af eigin fé raforkusjóðs			
frá 1. jan. 1960 til 31. des. 1962	33 921	—	—

Notkun lántökuheimilda til 18. marz 1963 samtals 641 571 millj. kr.

Samkvæmt framanskráðu eru ónotaðar lántökuheimildir raforkusjóðs og rafmagnsveitna ríkisins hinn 18. marz 1963 24 129 millj. kr.

Í yfirliti þessu er ekki tekið tillit til gengisfellingar íslensku krónunnar og öll erlend lán reiknuð með því gengi, er var í gildi, þegar gengið var frá lántökunum.

Af framanskráðu er augljóst, að brýn þörf er á því, að samþykktar verði lántökuheimildir handa raforkusjóði á Alþingi því, er nú situr. Leyfi ég mér því að æskja þess, að hið háa ráðuneyti beiti sér fyrir því, að aflað verði 150 millj. kr. lántökuheimilda handa raforkusjóði, til viðbótar við eldri heimildir.

Allra virðingarfyllst,

Jakob Gislason.